

Alþingi
Erindi nr. P 140/113
komudagur 14.11.2011

Alþingi
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK
Reykjavík, 14. nóvember 2011
R2011110036

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um skattaívilnanir í þágu tilgreindra félagasamtaka - 107. mál, þskj. 107.

Ríkisskattstjóri hefur þann 9. nóvember 2011 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði „skattaívilnanir sem hugsaðar eru í þágu frjálsra félagasamtaka á sviði menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndra líknarstarfsemi og kirkjufélaga.“ Yrði frumvarpið að lögum yrði einstaklingum heimilt að draga gjafir til slíka samtaka frá skatti. Jafnframt er lagt til að samtökum sem þessum verði ekki gert að greiða erfðafjárskatt af arfi í hvaða mynd sem er sem þeim áskotnast.

Af þessu tilefni bendir ríkisskattstjóri á að skv. frumvarpinu yrði um að ræða frádrátt frá tekjuskattsstofni en ekki frádrátt frá skatti. Ákvörðun um að heimila frádrátt sem þennan er af stjórnmalalegum toga og af þeim sökum telur ríkisskattstjóri það ekki heyra undir valdssvið sitt að gera athugasemdir við efni frumvarpsins sem slíks.

Ríkisskattstjóri leyfir sér þó að benda á að allar undanþágur og frádrættir gera skattkerfið flóknara og þá er hætt við að ýmis álitaefni rísi við túlkun slíkra ákvæða og út frá þeim sjónarmiðum er lýst efasemdum um ágæti þessa fyrirkomulags.

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst